

Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2019

Meðfylgjandi er umsógn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými). Þingskjal 372, mál nr 328. 150. löggjafarþing 2019-2020

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir  
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými).

Pingskjal 372, mál nr 328. Löggjafarþing 2019-2020

### Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með rekstri Konukots, athvarfs fyrir heimilislausar konur, skaðaminnkunarverkefnanna Frú Ragnheiður í Reykjavík og Ungfrú Ragnheiður á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt varðandi ýmis hagsmunamál fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans auk stjórnvalda og fjölda samstarfsaðila hér á landi.

Rauði krossinn telur að þörf sé á aukinni og bættri þjónustu fyrir þá jaðarsettu einstaklinga sem notast við ávana- og fíkniefni.

Umsögn sína byggir félagið á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og áratuga löngu starfi á sviði mannúðarmála.

### Umsögn um frumvarpið

Rauði krossinn styður frumvarpið og þær breytingar á löggjöfinni sem í því felast.

Félagið styður það að stjórnvöld leiti leiða til að auka þjónustu við það fólk sem notar vímuefni svo draga megi úr skaðlegum afleiðingum notkunar. Neyslurými hafa sannað gildi sitt og þá sérstaklega fyrir einstaklinga sem nota vímuefni um æð og hafa ekki fasta búsetu.

Rauði krossinn er sammála því sem fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu að í neyslurými skuli fara fram samþætt og sértæk heilbrigðisþjónusta. Rauði krossinn telur mikilvægt að neyslurýmið veiti lágþröskuldarþjónustu á forsendum notenda.

### Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með þann stuðning sem félagið getur veitt. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta velferðarnefnd til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins, sé þess óskað.